

20. mars 2023

Kæru skátar

Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótavatni hefur tekið saman nýja verðskrá og nýtt bókunarkerfi fyrir skátafélög.

Útilífsmiðstöðin er í eign Bandalags íslenskra skáta og er staðurinn því sameign allra skáta á landinu. Til þess að koma til móts við skátafélögin ætlum við að auka þjónustuframboðið okkar og aðlaga verðskrána okkar þannig að hún henti skátafélögum betur.

Svefnskálarnir okkar henta vel fyrir skátafélög, stór sem smá. Miðstöðin býður upp á 66 svefnpláss auk þess að hægt er að koma dýnum fyrir aukalega ef þess er þörf. Einnig hægt að leigja Strýtuna sem hentar vel fyrir kvöldvökur, dagskrá og önnur verkefni. Á Úlfjótavatni er frábær aðstaða til útivistar og hvetjum við hópa til þess að nýta umhverfið og náttúruna í kring.

Hér að neðan er hægt að sjá verðskrána og hvað er innifalið í verðinu. Verðlisti þessi gildir til 31. maí 2024. Ef bókað er fyrir þann tíma þá mun verðið standa þrátt fyrir að bókunin sé t.d. vorið 2024.

Verð fyrir klifur og bogfimi miðast við að einhver í hópnum sé með viðeigandi þjálfun. Hægt er að panta þjálfun fyrirfram (frítt) fyrir a.m.k. 2 manns eða borga aukalega 15.000 kr fyrir hvern dagskrárlið með starfsmanni Úlfjótavatns.

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband í gegnum tölvupóst á ulfjotsvatn@skatar.is.

Við hlökkum til að taka á móti þér og þínu félagi!

Verðskrá

<i>Skáli</i>	<i>Upplýsingar</i>	<i>Helgi</i>	<i>Dagur</i>
JB og Norðursalur	32 svefnpláss, salur, matsalur og eldhús.	126.000 kr	75.900 kr
JB, DSÚ og Norðursalur	66 svefnpláss, salur, matsalur og eldhús.	270.000 kr	162.000 kr
Strýtan	Kalt rými sem rúmar 250 manns í sæti eða 150 manns við borð.	36.000 kr	19.000 kr
Klifur	Hægt er að leigja klifurturn með búnaði að því gefnu að í hópnum sé aðili sem hefur lokið dagskrárþjálfun ÚSÚ.	15.000 kr	
Bogfimi	Hægt er að leigja bogfimibúnað að því gefnu að í hópnum sé aðili sem hefur lokið dagskrárþjálfun ÚSÚ.	15.000 kr	
Þrifagjald	Ef skálarnir eru ekki þrifnir leggst þrifagjald á hvern skála.	20.000 kr	

Allar kojur og herbergi eru afhent með hreinum lökum. Öll verð miðast við að skálunum sé skilað hreinum. Sé þess óskað er hægt að panta þrif á skálunum. Þrifagjald er innheimt sé frágangi ábótavant.